# Ársskýrsla VR 2011 – 2012

Virðing
Réttlæti

VR

**VR**
Umbrot/útlit: **Tómas Bolli Hafþórsson**
Prentun: **Oddi ehf.**
**2012**

# Efnisyfirlit

**Félagið í hnotskurn** 04
Almenn starfsemi og þjónusta 04
Fjöldi félagsmanna 04
Kynjabókhald VR 04
Lykiltölur VR 2011 04

**Ávarp formanns** 05
Stjórn VR starfsárið 2011 - 2012 05

**Kjaramál** 06
Kjara- og innheimtumál 2011 06
Dómsmál 06

**Kjarasamningar** 07
Kjarasamningur VR við Samtök atvinnulífsins 07
Samningur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 08
Helstu atriði yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011 08
Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda 09
Endurskoðun kjarasamninga 10
Aðrir kjarasamningar 10

**Heilbrigðismál** 11
Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði 11
VIRK starfsendurhæfingarsjóður 11
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2011 – 2012 11

**Orlofsmál** 12
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2011 12
Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi 12
Afsláttur í ferðalagið 12
Veiði- og útilegukort 12
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2011 – 2012 12

**Jafnréttismál** 13
Áskorun stjórnar til atvinnulífsins 13
Kynjabókhald VR 13

**Ályktanir, yfirlýsingar, fundir** 14
Ályktanir stjórnar starfsárið 2011 – 2012 14
Yfirlýsingar formanns starfsárið 2011 – 2012 14
Yfirlýsingar trúnaðarráðs starfsárið 2011 – 2012 14
Fundir starfsárið 2011 - 2012 15

**Önnur starfsemi** 16
VR varasjóður 16
Rannsóknir og kannanir 16
Fræðsla 16
Stjórnir fræðslumála starfsárið 2011 - 2012 17
Atvinnuleysi 17
Erlend samskipti 17

**Almennar upplýsingar** 18
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa 18
Lagabreytingar 18
Aðild VR að stofnunum 20
Félagatal 20
Félagsgjald 20
Félagsmál 20
Útgáfu- og kynningarmál 21
Starfsemi þjónustuvers 21
Skipulag skrifstofu 21
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2012 22
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2011 22
Trúnaðarmenn á vinnustöðum 23

**Ársreikningur 2011** 26
Áritanir 26
Rekstrarreikningur 2011 27
Efnahagsreikningur 31. desember 2011 28
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011 30
Rekstrarreikningur ársins 2011 31
Efnahagsreikningur 31. desember 2011 32
Skýringar 33

# Félagið í hnotskurn

## Almenn starfsemi og þjónusta

| | Fjöldi félagsmanna 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn | 1.359 | 1.395 |
| Starfsmennta- og tómstundastyrkir | 4.339 | 4.077 |
| Styrkir úr VR varasjóði | 11.686 | 10.780 |
| Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði | 1.130 | 1.157 |
| Nýting orlofshúsa og tjaldvagna | 3.030 | 2.960 |

## Fjöldi félagsmanna




* Athugið að tölur yfir félagsmenn árið 2011 eru tvískiptar, súlan sýnir heildarfjölda félagsmanna og þar af fjölda félagsmanna í starfi. Upplýsingar um hlutfall starfandi félagsmanna liggur ekki fyrir um árin 2001 – 2010.

## Kynjabókhald VR

| | |
|---|---|
| Stjórn VR | 50% karlar / 50% konur |
| Trúnaðarráð VR | 51% karlar / 49% konur |
| Skrifstofa VR 1.03.2012 | 23% karlar / 77% konur |

## Lykiltölur VR 2011

| | |
|---|---|
| Félagsgjöld | 672.294.012 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 982.676.284 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 279.500.255 |
| Leiga orlofshúsa | 82.333.200 |
| Aðrar tekjur | 30.821.125 |
| Samtals tekjur | 2.047.624.876 |
| | |
| Bætur og styrkir | 556.898.459 |
| Greiðsla úr varasjóði | 390.574.604 |
| Rekstrargjöld | 943.526.135 |
| Samtals gjöld, bætur og styrkir | 1.890.999.198 |
| | |
| Fjármagnsliðir | 431.757.705 |
| | |
| **Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar** | **588.383.383** |

# Ávarp formanns

Viðburðaríkt starfsár er að baki hjá VR. Kjarasamningar voru undirritaðir í byrjun maí eftir harða samningalotu sem hafði staðið óslitið frá síðari hluta ársins 2010. Það er ætíð mikill áfangi þegar samningar af þessu tagi verða að veruleika, enda fylgja þeim oftast umtalsverðar kjarabætur, ásamt öðrum framfaraskrefum sem minna ber á en skipta miklu þegar heildarsamhengi kjarasamninga er skoðað. Í ársskýrslu þessari er farið yfir helstu atriði samningsins.

Árið var félaginu á margan hátt hagfellt þó enn þurfi sérstaklega að huga að kjörum hinna lægstlaunuðu félagsmanna og þeirra sem orðið hafa fyrir atvinnumissi. Allt bendir til þess að félagið sé vel í stakk búið til þjónustu við þessa aðila, líkt og aðra félagsmenn.  Skýrist það meðal annars af góðum anda í stjórn félagsins og vilja allra til þess að vinna sameiginlega að framgangi helstu hagsmunamála félagsmanna.

Stórt verkefni mun á nýju starfsári færast í hendur félagsins. Það er aukin þjónusta við atvinnulausa félagsmenn. Hefur yfirtaka þeirra verkefna kostað mikla undirbúningsvinnu sem meðal annars felst í stækkun húsnæðis og ráðningu sérfræðinga til félagsins sem kunna til verka á þessum vettvangi. Frá og með 1. maí munu atvinnulausir félagsmenn geta sótt ráðgjöf til félagsins, sem öll mun miða að því að virkja þá sem fyrst að nýju á vinnumarkaði.

Starfsárið sem nú er að baki fól í sér uppbyggingu og endurheimt trausts sem glatast hafði árin á undan. Það sýna m.a. kannanir á viðhorfi fólks til félagsins. Sjóðir félagsins eru stærri og öflugri en þeir hafa áður verið og verkefnum félagsins fjölgar eins og hér hefur verið nefnt. Ekkert bendir til annars en að starfsárið 2012 - 2013 verði framhald á þessu starfi öllu.

*Stefán Einar Stefánsson, formaður VR*



**Stjórn VR starfsárið 2011 – 2012, frá vinstri:** Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hildur Mósesdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Jón Magnússon, Stefán Einar Stefánsson formaður, Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Pálmey Helga Gísladóttir, Benóný Valur Jakobsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir ritari, Kristjána Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon og Eyrún Ingadóttir.  Á myndina vantar Guðrúnu Helgu Tómasdóttur.

## Stjórn VR starfsárið 2011 - 2012

Stefán Einar Stefánsson formaður
Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður
Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari

Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Pálmey Helga Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir og Sigurður Sigfússon.

**Varamenn:** Benóný Valur Jakobsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Óskar Kristjánsson.

# Kjaramál

## Kjara- og innheimtumál 2011

Alls komu 1.359 mál til vinnslu á kjarasviði árið 2011 og er það um 2% fækkun frá árinu 2010 þegar þau voru 1.395. Fjöldi mála hefur dregist saman frá árunum 2008 og 2009 en þá náði hann hámarki, eins og sjá má á línuritinu hér að neðan. Fjöldi gjaldþrota jókst hins vegar umtalsvert og hafa aldrei verið fleiri. Það reyndi því talsvert á þennan málaflokk í starfsemi kjarasviðs á árinu.

Um áramótin 2011/2012 voru 114 mál í vinnslu á kjarasviði, þar af 77 hjá lögmanni félagsins. Á þessum tímapunkti voru 5 mál óleyst vegna ársins 2008, 7 mál óleyst vegna ársins 2009, 23 vegna ársins 2010 og 79 vegna ársins 2011.

**Þróun á fjölda mála kjarasviðs frá janúar 2007 til desember 2011**




Fækkun starfa og aukið atvinnuleysi á síðustu árum hefur haft í för með sér að minni hreyfing er á starfsmönnum á vinnumarkaði. Þegar mál koma til kasta sérfræðinga kjarasviðs er því oft hlaupin meiri harka í samskipti aðila en áður og málin af þeim sökum oft flóknari úrlausnar og viðkvæmari. Á árunum fyrir hrun var þessu öðruvísi farið, mikið framboð var af vinnu og ef samskipti gengu illa á vinnustað skiptu starfsmenn einfaldlega um starf, án mikilla eftirmála.

## Dómsmál

VR fær reglulega til úrlausnar mál þar sem laun eru ekki greidd vegna vinnu starfsmanna og því borið við að þeir séu að kynna sér starfið eða fyrirkomulag þess. Í júní 2011 féll dómur í héraðsdómi í einu slíku máli þar sem fyrirtæki var dæmt til að greiða starfsmanni laun fyrir vinnu í einn dag. Rök vinnuveitandans voru þau að félagsmaðurinn hafi ekki verið í vinnu á þessum tíma heldur hafi honum einungis verið boðið að fylgjast með því hvernig vinnan færi fram. Í dómnum segir að sönnunarbyrði fyrir því að ekki yrði greitt fyrir þennan dag hvíli á vinnuveitanda og að ekkert sé að finna í gögnum málsins því til sönnunar. Félagsmaðurinn hafi sannanlega mætt til vinnu þennan dag og féllst dómurinn því á kröfur hans um laun. Í sama mánuði hafnaði héraðsdómur kröfu félagsmanns VR um framlengingu á uppsagnarfresti sem nemur lengd orlofs en félagsmaðurinn hafði ákveðið töku áunnins orlofs þegar honum var sagt upp störfum.

Í nóvember árið 2011 staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur sem sýknaði fyrirtæki í Reykjavík af kröfu félagsmanns VR vegna fjárhagslegs tjóns af hlutabréfakaupum í fyrirtækinu. Félagsmanninum var sagt upp starfi framkvæmdastjóra og í aðdraganda uppsagnar óskaði hann eftir því að fyrirtækið bæri tap sem orðið hafi af hlutabréfakaupum hans. Héraðsdómur hafnaði því á þeim forsendum að fyrirtækið hafi ekki skuldbundið sig til að tryggja starfsmönnum sem keyptu hlutabréf í fyrirtækinu skaðleysi af kaupunum. Hæstiréttur staðfesti dóminn.

Og í desember 2011 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur fyrirtæki til að greiða félagsmanni VR laun í uppsagnarfresti auk málskostnaðar en ágreiningur var um hvort ráðning félagsmannsins hafi verið tímabundin eða ekki.

Fjallað er ítarlega um öll dómsmál sem varða félagsmenn á heimasíðu VR.

# Kjarasamningar

## Kjarasamningur VR við Samtök atvinnulífsins

Skrifað var undir kjarsamning milli VR og Samtaka atvinnulífsins þann 5. maí 2011 en þá höfðu samningar verið lausir í rúma fimm mánuði eða frá 30. nóvember 2010. Töluverðrar óþreyju var farið að gæta meðal félagsmanna vegna erfiðrar stöðu í viðræðunum snemma árs 2011 og fyrir páska stefndi í allsherjarverkfall á almennum vinnumarkaði.

Um miðjan apríl 2011 veitti samninganefnd VR viðræðunefnd félagsins heimild til að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara sem var og gert þann 27. apríl 2011. Eftir langa og stranga samningalotu náðust samningar loks og þann 5. maí 2011 var skrifað undir kjarasamning til þriggja ára með fyrirvara um tilteknar stjórnvaldsaðgerðir og lagabreytingar í júní það ár. Í samningnum voru einnig forsenduákvæði varðandi launahækkanir og þróun verðbólgu.

### Samningurinn samþykktur með miklum meirihluta atkvæða

Samningurinn var borinn undir atkvæði í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna dagana 11. til 25. maí 2011. Á kjörskrá voru 28.018, atkvæði greiddu 4.338 eða 15,48%. Já sögðu 3.790 eða 87,37% en nei sögðu 488 eða 11,25%. Alls tóku 60 eða 1,38% ekki afstöðu.

Hér að neðan er stiklað á stóru í samningnum en hann er birtur í heild á vef VR, www.vr.is.

### Launabreytingar

**Almenn hækkun**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | 4,25% |
| 1. febrúar 2012 | 3,50% |
| 1. febrúar 2013 | 3,25% |

**Krónutöluhækkun á taxta**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | kr. 12.000 |
| 1. febrúar 2012 | kr. 11.000 |
| 1. febrúar 2013 | kr. 11.000 |

**Lágmarkstekjutrygging í dagvinnu**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | kr. 182.000 |
| 1. febrúar 2012 | kr. 193.000 |
| 1. febrúar 2013 | kr. 204.000 |

### Eingreiðslur

- Eingreiðsla þann 1. júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi í mánuðunum mars-maí 2011. Aðrir starfsmenn í hlutastörfum eða sem höfðu látið af störfum áttu rétt á hlutfallslegri greiðslu miðað við starfstíma.
- Að auki gerði samningurinn ráð fyrir kr. 10.000 álagi á orlofsuppbót árið 2011sem var þá samtals kr. 30.300, og kr. 15.000 álagi á desemberuppbót sama ár og var hún samtals kr. 70.400.

### Önnur ákvæði

- **Starfsmannaviðtal:** Í fylgiskjali með samningnum er skerpt á framkvæmd starfsmannaviðtala og kveðið á um hvað skuli ræða í slíku viðtali.
- **Réttindi og öryggi verslunarfólks:** Skipa á nefnd með aðkomu lögreglu, öryggisvörsluaðila og vinnueftirlits sem leggja á fram tillögur um hvernig tryggja megi aukið öryggi starfsmanna í verslunum.
- **Samsetning pakkalauna:** Starfsmaður getur óskað eftir því að vinnuveitandi skýri samsetningu pakkalauna og sýni fram á að kjör starfsmannsins séu ekki lakari en kjarasamningur kveður á um.
- **Vinnufatnaður:** Með samningnum fylgir bókun þar sem staðfest er réttarstaða starfsmanna hvað varðar vinnufatnað í sérverslunum með fatnað.
- **Laun ungmenna:** Breyting er gerð á launum ungmenna og launaflokkum fækkað. Laun 15 ára eru nú 76% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks og laun 14 ára eru 67% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks.
- **Eftirvinnukaup:** Breyting er gerð á eftirvinnukaupi frá og með 1. febrúar 2013 en þá greiðist vinna á tímabilinu 00:00 - 07:00 með 45% álagi í stað 40% áður.
- **Næturvinnukaup:** Þá er einnig í samningnum bókun um næturvinnukaup þar sem segir að álag á laun fyrir vinnu á tímabilinu 00:00 – 07:00 fari úr 45% í 50% við lok gildistíma samningsins.

# Kjarasamningar

## Samningur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins

Auk kjarasamninga VR er félagið aðili að heildarkjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem sem skrifað var undir þann 5. maí 2011. Í honum eru allmörg ákvæði sem snerta hagsmuni félagsmanna VR. Hér að neðan eru þau helstu:

- **Yfirlýsing um lífeyrismál:** Samningsaðilar eru sammála um að halda áfram vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði.
- **Sjúkraskostnaður vegna vinnuslysa:** Slys á leið til og frá vinnu falla nú undir sjúkra- og flutningskostnað vegna vinnuslysa.
- **Útreikningur á yfirvinnulaunum:** Í samningi ASÍ og SA er nú kveðið á um að útreikningur á yfirvinnulaunum fari skv. ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar.
- **Greiðsla frítökuréttar:** Nú er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili.
- **Skilgreining á launahækkun:** Bókun með kjarasamningnum skerpir á skilgreiningu á launahækkun og segir að með almennri launahækkun í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og SA sé átt við lágmarkshækkun þeirra reglulegu launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun skv. kjarasamningi á að koma til framkvæmda, óháð launum viðkomandi starfsmanns. Þá segir í samningnum að ef launahækkunum er flýtt, sé það gert með fyrirsjáanlegum, sannanlegum og fyrirfram ákveðnum hætti og hækkunin geti einungis náð til almennra launahækkana á næstu tólf mánuðum.
- **Útboðsmál:** Í samningnum er sérstakt ákvæði um framkvæmd útboðsmála þar sem kveðið er á um mikilvægi þess að útboðslýsingar vegna verklegra framkvæmda, mat á hæfi bjóðenda, val á tilboði og ákvæði um skil á greiðslum séu betur undirbúnar og settar fram með ákveðnari hætti en nú er. ASÍ og SA hafa komið sér saman um verkefni starfshóps sem settur verður á laggirnar til að skoða breytingar á lögum um opinber innkaup og styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði.
- **Gildi lágmarkskjarasamnings:** Í samningnum segir að öll ákvæði hans hafi gildi lágmarkskjarasamnings skv. ákvæðum 1. gr. laga 55/1980, laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

### Forsenduákvæði gagnvart ríkisvaldinu

Gildistími kjarasamninga er til 31. janúar 2014, með endurskoðun í janúar 2012 og janúar 2013. Ákveðinn fyrirvari var einnig á samningum sem tengdist stjórnvaldsaðgerðum og lagabreytingum sem þurftu að eiga sér stað fyrir 22. júní 2011 en um þetta atriði er fjallað nánar á næstu síðu.

## Helstu atriði yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011

### Hækkun bóta almannatrygginga og persónuafsláttar

Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninganna, þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningunum. Tekju- og eignatenging vaxta- og barnabóta verður endurskoðuð. Verðtrygging persónuafsláttar verður lögfest og mun persónuafsláttur hækka samkvæmt því í ársbyrjun 2012.

Því til viðbótar munu stjórnvöld í samráði við aðila vinnumarkaðarins skoða möguleika á hækkun krónutölu persónuafsláttar eða ígildi hennar í formi lækkunar skatthlutfalls á lægsta skattþrepi frá árslokum 2013.

### Bætt þjónusta við atvinnuleitendur

Stjórnvöld skuldbinda sig til að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ráðist verður í sérstakt tilraunaverkefni þar sem stéttarfélögin verða helstu veitendur þjónustunnar.

### Átak gegn svartri atvinnustarfsemi, kennitöluflakki og fyrir bættum viðskiptaháttum

Ráðist verður í tímabundið átaksverkefni ríkisskattstjóra, ASÍ og SA til að sporna við svartri atvinnustarfsemi.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagabreytingum til að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað rekið félög í þrot (kennitöluflakk). Hæfisskilyrði forsvarsmanna fyrirtækja með takmarkaða ábyrgð verða skoðuð og hvernig megi sporna við misnotkun slíkra félaga.

Stjórnvöld beita sér strax fyrir lagabreytingum til að bæta réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti í framhaldi af því að fyrirtæki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Stuðlað verður að því að tryggja heilbrigða samkeppni þegar verklegar framkvæmdir og þjónusta er boðin út. Skoðað verði hvaða breytingar þarf að gera á gildandi lögum til að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfar hjá fyrirtækjum á verktakamarkaði.

# Kjarasamningar

### Sókn í atvinnumálum - fjárfestingar

Sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er að skapa fjölbreytt og vel launuð störf og auka hagvöxt í 4-5% á ári í stað 2-2,5%. Markmiðið er að draga verulega úr atvinnuleysi á samningstímanum. Stefnt að því að fjárfestingar í lok samningstímans verði ekki lægri en 350 milljarðar króna á ári. Þær voru 200 milljarðar árið 2010. Sem lið í að ná þeim markmiðum mun ríkið ráðast í fjölda verklegra framkvæmda.

### Átak til að auka menntun og efla vinnumarkaðsúrræði

Öllum sem eftir því leita verða tryggð námstækifæri frá hausti 2011. Á næstu þremur árum verðu m.a. unnið að því að gera skil á milli framhaldsskólans og framhaldsfræðslunnar sveigjanlegri, endurskoða lög um námslán og námsstyrki o.fl

### Úrbætur í lífeyrismálum, starfsendurhæfingu og húsnæðismálum

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda og átti starfshópur að skila af sér fyrir 1. september 2011 og breytingar kynntar Alþingi. Í framhaldinu verður lagður grundvöllur að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Viðurkennt er að mikill ójöfnuður er í áunnum lífeyrisréttindum landsmanna, þar sem verulega hallar á launafólk á almennum vinnumarkaði. Því er heitið, hvað varðar það sem liðið er, að ríkisvaldið skoði sérstaklega hvernig rétt sé að standa að inngreiðslum til að jafna uppá við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs og jafnhátt iðgjald frá lífeyrissjóðunum.

Unnið er að mótun tillagna um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis.

## Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda

VR og Félag atvinnurekenda (áður FÍS) skrifuðu undir nýjan kjarasamning föstudaginn 13. maí 2011. Samningurinn var sambærilegur við kjarasamning VR og SA frá 5. sama mánaðar og gerir ráð fyrir sambærilegum hækkunum launa á sama tíma. Lágmarkstaxti varð þó kr. 202 þúsund frá 1. júní 2011 og mun enda í kr. 224 þúsundum 1. febrúar 2013.

### Samningurinn samþykktur með miklum meirihluta atkvæða

Kjarasamningurinn var borinn undir atkvæði í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna dagana 17. maí 2011 til 3. júní 2011. Á kjörskrá voru 992, atkvæði greiddu 203 eða 20,46%. Já sögðu 180 eða 88,67% en nei sagði 21 eða 10,35%. Tveir eða 0,99% tóku ekki afstöðu.

Hér að neðan eru helstu atriði samningsins en hann er birtur á vef VR, www.vr.is

### Launabreytingar

**Launabreytingar þeirra sem ekki fá greitt skv. lágmarkstaxta:**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | 4,25% |
| 1. febrúar 2012 | 3,50% |
| 1. febrúar 2013 | 3,25% |

**Lágmarkstaxtar hækka sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | kr. 12.000 |
| 1. febrúar 2012 | kr. 11.000 |
| 1. febrúar 2013 | kr. 11.000 |

**Lágmarkstaxti fyrir fullt starf verður:**

| | |
|---|---|
| 1. júní 2011 | kr. 202.000 |
| 1. febrúar 2012 | kr. 213.000 |
| 1. febrúar 2013 | kr. 224.000 |

### Eingreiðslur

- Eingreiðsla þann 1. júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars - maí. Aðrir starfsmenn í hlutastörfum eða sem höfðu látið af störfum áttu rétt á hlutfallslegri greiðslu miðað við starfstíma.
- Að auki gerði samningurinn ráð fyrir kr. 10.000 álagi á orlofsuppbót árið 2011sem var þá samtals kr. 30.300  og kr. 15.000 álagi á desemberuppbót sama ár og var hún þá samtals kr. 70.400.

# Kjarasamningar

### Annað
VR og FA voru sammála um að aðrir þættir sem samið hafði verið um á milli ASÍ og SA og ekki voru í samningi VR og FA kæmu inn í samninginn, eftir því sem við á.

### Forsendur og gildistími
Samningurinn byggir á sömu forsendum og samið hefur verið um í kjarasamningi VR við SA og skoðast sem hluti samnings þessa. Komi til þess að samningsforsendur standist ekki skulu aðilar leitast við að ná samkomulagi um breytingar til að markmið samninga náist. Að öðrum kosti gilda ákvæði samningsforsendna um gildistíma samningsins. Samningurinn gildir til 1. febrúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum eru.

## Endurskoðun kjarasamninga
Í janúar 2012 var skrifað undir samkomulag um að framlengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda á þeim fyrirheitum sem gefin voru í tengslum við undirritun þeirra árið 2011. Forsendur samningsins gagnvart vinnuveitendum stóðust. Trúnaðarráð VR gagnrýndi stjórnvöld harðlega í yfirlýsingu sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 16. janúar, nokkrum dögum fyrir eindaga á endurskoðun saminganna en þá lá ljóst fyrir að mikið vantaði upp á að ríkisstjórnin stæði við sinn hluta samkomulagsins frá 5. maí 2011. Þrátt fyrir að stjórnvöld stæðu ekki við gefin loforð var það mat trúnaðarráðs að hagsmunir félagsmanna VR fælust í að halda áfam á þeirri braut sem mörkuð var með samningunum í maí 2011 og ákvað að segja þeim ekki upp.

Yfirlýsing trúnaðarráðs VR frá 16. janúar er birt hér að neðan í heild sinni. Af þeim fimm áhersluatriðum sem þar eru tilgreind er eitt, tilraunaverkefni í þjónustu við atvinnuleitendur, komið vel á veg.

### Yfirlýsing frá trúnaðarráði VR
Trúnaðarráð VR lýsir miklum vonbrigðum með þær vanefndir sem orðið hafa á loforðum ríkisstjórnar Íslands, sem gefin voru í yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011, í tengslum við undirritun kjarasamninga. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði samninganna, vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loforð sín. Er það í annað skiptið sem það gerist frá því að ríkisstjórnin gekk á bak orða sinn í kjölfar hins svokallaða stöðugleikasáttmála.

Það er óþolandi að fjölmennasta stéttarfélag landsins geti ekki treyst þeim yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gefur frá sér. Það lýsir alvarlegum trúnaðarbresti sem ekki verður unað við.

Trúnaðarráð VR krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og bæti úr augljósum vanefndum sínum og að:
- Hækkun almannatryggingabóta haldist í hendur við hækkun lægstu launa, eins og lofað var.
- Horfið verði frá ósanngjarnri og vanhugsaðri skattlagningu á lífeyrissjóði fólksins í landinu upp á 2.800 milljónir króna, sem að öllum líkindum felur í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.
- Endurskoðun fari fram á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta eins og lofað hafði verið í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.
- Breytingar verði gerðar á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks og komið verði í veg fyrir kennitöluflakk.
- Hefja skuli við fyrsta tækifæri tilraunaverkefni sem feli í sér aðkomu stéttarfélaga við þjónustu við atvinnuleitendur.

## Aðrir kjarasamningar
Þann 19. apríl 2011 var skrifað undir kjarasamning við Elkem á Íslandi en samningurinn tekur til starfsmanna í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Gildistími samningsins er til loka janúar 2014.

Þann 26. maí 2011 var skrifað undir kjarasamning við Flugfélag Íslands vegna félagsmanna VR sem starfa hjá flugfélaginu. Samningurinn var á sömu nótum og almennir samningar á vinnumarkaði sem undirritaðir voru fyrr í þeim mánuði.

Þann 23. ágúst 2011 var skrifað undir kjarasamning vegna starfsmanna hjá Alcan á Íslandi. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu og var þann 5. október skrifað undir viðauka við samninginn sem borinn var undir atkvæði síðar þann sama mánuð og samþykktur á jöfnu.

Þann 23. september 2011 var skrifað undir viðauka við kjarasamning við Norðurál en um var að ræða viðaukasamning vegna endurskoðunar launaliðar kjarasamnings sem undirritaður var 2010.

## Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði VR

Varðandi tekjur árið 2011 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Sjúkra- og dagpeningar samtals** | **640** | **475.312.533** |
| (2010, samtals fjöldi 757, kr. 456.001.854) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Dánarbætur samtals** | **79** | **33.892.544** |
| (2010, fjöldi bótaþega 73, kr. 32.705.929) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Slysabætur samtals** | **21** | **16.878.554** |
| (2010, fjöldi bótaþega 15, kr. 14.899.526) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Aðrir styrkir til sjóðfélaga** | **390** | **30.814.828** |
| (þ.m.t. sértækir styrkir til tekjulægri félagsmanna) | | |
| (2010, fjöldi styrkþega 312, kr. 16.008.695) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Bætur og styrkir til félagsmanna 2011 samtals** | **1.130** | **556.898.459** |
| (2010, fjöldi bóta- og styrkþega 1.157, kr. 519.616.004) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga** | | **11.734.914** |
| (2010, kr. 13.580.275) | | |

## VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Á árinu 2011 fengu 274 einstaklingar þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR. 89 einstaklingar luku þjónustu hjá ráðgjöfunum á árinu 2011 og mikill meirihluti þeirra eða um 83% voru með fulla vinnugetu við lok þjónustu og fóru annað hvort í launaða vinnu, í virka atvinnuleit eða í lánshæft nám. Alls starfa fimm VIRK ráðgjafar á skrifstofum VR.

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2011 – 2012

Sigurður Sigfússon formaður.

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Ragnar Þór Ingólfsson og Sigríður Stefánsdóttir.

**Varamenn:** Birgir Már Guðmundsson og Benóný Valur Jakobsson.

# Orlofsmál

Á árinu 2011 voru 39 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna, 16 orlofshús og eitt hótelherbergi. Útleigur ársins 2011 voru 3.030 samanborið við 2.960 árið 2011. Haustið 2011 keypti VR eitt hús í orlofshúsabyggðinni á Einarsstöðum og á nú þrjú hús á svæðinu. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

## Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2011

**Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.**

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar | Nýting – vetur* |
|---|---|---|---|
| Akureyri (7)** | 1.590 | 95% | 64% |
| Einarsstaðir (8)*** | 596 | 88% | - |
| Flúðir (3) | 683 | 93% | 54% |
| Húsafell (3) | 605 | 92% | 44% |
| Miðhúsaskógur (20) | 3.840 | 91% | 41% |
| Sóltún, Reykjavík (1) | 284 | 77% | 81% |
| Ölfusborgir (1)*** | | | |

Félagið tók á leigu eftirtalin orlofshús, herbergi og tjaldvagna sumarið 2011 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar | Nýting - vetur |
|---|---|---|---|
| Blönduós (2) | 168 | 100% | - |
| Hótel Loftleiðir (1)**** | 273 | - | - |
| Grímsmes (2) | 168 | 100% | - |
| Illugastaðir (1) | 63 | 100% | - |
| Meðalfellsvatn (1) | 77 | 91% | - |
| Ólafsfjörður (1) | 84 | 100% | - |
| Stykkishólmur raðhús (3) | 600 | 94% | 42% |
| Súðavík (1) | 70 | 83% | - |
| Tjaldvagnar (25) | 1.236 | 81% | - |
| **Samtals gistinætur** | **10.337** | | |

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.
** Íbúð við Skarðshlíð var skipt út fyrir íbúð S við Furulund 10 á Akureyri.
***Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna haust, vetur og vor. Hús VR í Ölfusborgum var í viðgerð að sumarlagi og ekki í útleigu hjá félaginu.
**** Samningur er um eitt hótelherbergi á Reykjavík Natura, bókað er í önnur herbergi ef þörf er á og þau eru laus.

## Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi

Í Miðhúsaskógi er búið að koma upp myndarlegu tjaldsvæði fyrir félagsmenn. Á svæðinu er aðstaða fyrir um 50 vagna og tjöld, aðgangur að rafmagni, umsjónarhús, grillaðstaða, salernis- og hreinlætisaðstaða og leiksvæði fyrir börn. Aðstaðan verður opnuð fomlega í byrjun júní 2012.

## Afsláttur í ferðalagið

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og Iceland Express í formi afsláttarmiða. Alls voru seldir um 1.100 afsláttarmiðar á árinu 2011 en hver félagsmaður gat keypt að hámarki tvo miða á tólf mánaða tímabili.

## Veiði- og útilegukort

Um 1.100 félagsmenn keyptu veiði- og útilegukort árið 2011.

## Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2011 – 2012

Benedikt Vilhjálmsson formaður.

Eyrún Ingadóttir, Óskar Kristjánsson, Hildur Mósesdóttir og Jóhanna S. Rúnarsdóttir.

**Varamenn:** Guðrún Helga Tómasdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson.

# Jafnréttismál

Launamunur kynjanna er ein helsta birtingarmynd ójafnrar stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og hefur VR lagt mikla áherslu á það undanfarin ár að berjast gegn honum. Nokkur árangur hefur náðst í þeirri baráttu, eins og sjá má á línuritinu hér að neðan.

**Launamunur kynjanna hjá VR**




*Launakönnun var ekki gerð árið 2002.

Frá árinu 2000 hefur munurinn á heildarlaunum kynjanna skv. launakönnun minnkað úr 20,4% í 15,3% og kynbundinn launamunur, þ.e. munur að teknu tilliti til áhrifaþátta á laun s.s. vinnutíma, menntunar, starfs, starfshlutfalls o.fl., hefur minnkað úr 15,3% árið 2000 í 10,6% árið 2011. Munurinn á launum kynjanna sé miðað við félagsgjöld er alltaf meiri en hann er í launakönnun en hann hefur lækkað meira á tímabilinu eða um ríflega þriðjung.

## Áskorun stjórnar til atvinnulífsins

Í september árið 2011, í tengslum við útgáfu á niðurstöðum launakönnunar, fór VR í herferð þar sem sjónum var beint að launamun kynjanna og var það þriðja slíka herferðin frá árinu 2005. Herferðin fól í sér auglýsingar, umhverfisgrafík, samstarf við fjölmörg fyrirtæki þar sem konur fengu 10% táknrænan afslátt, greinaskrif í fjölmiðla og umfjöllun í miðlum félagsins. Þá sendi stjórn VR frá sér eftirfarandi áskorun til fyrirtækjanna í landinu:

> **Útrýmum launamun kynjanna**
>
> Launakönnun VR fyrir árið 2011 sýnir að kynbundinn launamunur karla og kvenna innan félagsins er ennþá rúmlega 10% og hefur lítið breyst undanfarin ár. Þrátt fyrir áratuga baráttu, ályktanir í kjarasamningum og lagasetningar er jafnrétti á vinnumarkaði enn utan seilingar. Konur eru ennþá með lægri laun en karlar fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
>
> Að mati stjórnar VR er það óásættanlegt. Kynbundinn launamunur er brot á mannréttindum og hefur mikil og varanleg áhrif á hag heimilanna og framtíð barna okkar. VR skorar á fyrirtækin í landinu að taka virkan þátt í jafnréttisbaráttunni og greiða konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu. Saman getum við rétt hlut kvenna.

## Kynjabókhald VR

Á skrifstofu VR störfuðu í byrjun mars 2012 48 starfsmenn, 37 konur og 11 karlar.

Eftir kosningar vorið 2011 var jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórn og varastjórn VR. Hér að neðan má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhaldi VR starfsár stjórnar 2011 - 2012, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við.

**Stjórn VR**
9 karlar og 9 konur

**Orlofsstjórn**
3 karlar og 4 konur

**Samninganefnd VR**
11 karlar og 11 konur

**Uppstillinganefnd**
2 karlar og 4 konur

**Trúnaðarráð, að stjórn meðtalinni**
51 karl og 49 konur

**Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs**
5 karlar og 2 konur

**Jafnréttisnefnd**
1 karl og 2 konur

# Ályktanir, yfirlýsingar, fundir

## Ályktanir stjórnar starfsárið 2011 – 2012

Þann 9. júní 2011 samþykkti stjórn ályktun þar sem hún harmar þá fyrirætlun stjórnvalda að leggja skatt á hreina eign lífeyrissjóða. Með því sé ríkisstjórnin að vega að rétti þeirra sem byggi afkomu sína á greiðslum sjóðanna. Stjórn VR skoraði á ríkisstjórnina að draga tillögu sína til baka.

Í ágúst 2011 mótmælti stjórn VR ákvörðun Seðlabankans að hækka stýrivexti og sagði ákvörðunina jafngilda aðför að hagsmunum vinnandi fólks. Vaxahækkunin gengi þvert á stefnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem mörkuð var við gerð kjarasamninga fyrr það ár og væri síst til þess fallin að koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik.

Stjórn sendi frá sér ályktun þann 14. september 2011 í tengslum við útgáfu launakönnunar félagsins. Þar skoraði stjórn á fyrirtækin í landinu að taka virkan þátt í jafnréttisbaráttunni og greiða konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu. Sjá nánari umfjöllun um jafnréttismál og ályktunina í heild á bls. 13.

Í byrjun desember 2011 samþykkti stjórn VR ályktun þar sem þess er krafist að stjórnvöld og atvinnurekendur taki höndum saman, auki fjárfestingu og uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Verði ekki brugðist við með fumlausum hætti mun það taka íslenskt samfélag mörg ár að vinna úr þeim vandamálum sem langvarandi atvinnuleysi leiðir af sér.

Í desember 2011 samþykkti stjórn viðbragðsáætlun í tilefni af útgáfu skýrslu úttektarnefndar sem ríkissáttasemjari skipaði að beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða en í skýrslunni er fjallað um fjárfestingar sjóðanna í aðdraganda hrunsins árið 2008. Skipuð var þriggja manna ráðgjafanefnd til að leggja mat á niðurstöður skýrslunnar, einkum þær niðurstöður sem varða starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV), og vera stjórn til ráðagjafar. Skýrslan var birt þann 3. febrúar 2012. Ráðgjafanefndin birti álit sitt opinberlega þann 13. mars. Í því segir að draga verði þá meginniðurstöðu af skýrslu úttektarnefndarinnar að stjórn og starfsmenn LV hafi ekki gerst brotlegir við innra regluverk LV í aðdraganda hrunsins og að regluverkið hafi í grunninn verið traust. Upplýsingar, sem stjórn sjóðsins hafi grundvallað fjárfestingar sínar á, hafi við skoðun reynst í verulegum atriðum rangar. Ráðgjafanefndin telur að LV og aðrir lífeyrissjóðir ættu að íhuga málssókn á hendur þeim sem voru hugsanlega aðilar að rangri upplýsingagjöf til hluthafa, eigenda skuldabréfa og annarra hagsmunaaðila.

## Yfirlýsingar formanns starfsárið 2011 – 2012

Í yfirlýsingu í byrjun desember 2011 mótmælti formaður VR harðlega ákvörðun efnahags- og viðskiptaráðherra um að hækka þóknun til stjórnarmanna í Fjármálaeftirlitinu um 77%. Ákvörðunin væri vanvirðing við launafólk og algerlega úr samhengi við almenna launaþróun í landinu.

Um miðjan desember 2011 sendi formaður VR ásamt forstjórum tryggingafélaga frá sér yfirlýsingu vegna tillagna efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um 5,45% fjársýsluskatt á launagreiðslur fjármálafyrirtækja. Í yfirlýsingunni segir að skatturinn sé hrein og bein aðför að starfsfólki tryggingafélaga á Íslandi og Alþingi hvatt til að endurskoða þessar fyrirætlanir.

## Yfirlýsing trúnaðarráðs starfsárið 2011 – 2012

Trúnaðarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2012 yfirlýsingu þar sem lýst var miklum vonbrigðum með þær vanefndir sem orðið hafi á loforðum ríkisstjórnarinnar sem gefin voru í yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011 í tengslum við undirritun kjarasamninga. Yfirlýsingin er birt á heild á bls. 10.

## Fundir starfsárið 2011 – 2012

**Stjórn VR** fundaði 13 sinnum á starfsárinu en auk þess voru haldnir þrír vinnufundir stjórnar.

### Fundarsókn stjórnarmanna

| | 1063 04/05/2011 | Vinnufundur 07-08/05/2011 | 1064 08/06/2011 | 1065 20/06/2011 | 1066 10/08/2011 | 1067 24/08/2011 | Vinnufundur 02-03/09/2011 | 1068 14/09 /2011 | 1069 12/10/2011 | 1070 16/11/2011 | 1071 07/12/2011 | 1072 11/01/2012 | 1073 08/02/2012 | Vinnufundur 09-10/02/2012 | 1074 08/03/2012 | 1075 28/03/2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stefán Einar Stefánsson | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Ásta Rut Jónasdóttir* | x | x | | | x | x | | | | | | | | | | |
| Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir | x | x | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Benedikt Vilhjálmsson | x | x | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Birgir Már Guðmundsson | x | x | x | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | | x | |
| Eyrún Ingadóttir | x | x | x | | | x | x | x | x | x | | x | x | x | x | x |
| Guðrún Helga Tómasdóttir | x | x | x | | x | | | x | x | | | x | | | | |
| Hildur Mósesdóttir | | | x | | x | x | x | x | x | | x | x | x | x | x | x |
| Ingibjörg Ósk Birgisdóttir | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Jón Magnússon | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir | x | x | x | x | x | x | | x | | x | x | x | x | x | x | x |
| Pálmey Helga Gísladóttir | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Ragnar Þór Ingólfsson | x | | | x | | x | | x | x | x | x | x | x | | x | x |
| Sigríður Stefánsdóttir | x | | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Sigurður Sigfússon | x | x | x | x | x | x | | x | x | | | x | x | x | x | x |
| **Varamenn** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Benóný Valur Jakobsson | x | x | | x | | | x | | x | x | x | | x | x | | |
| Bjarni Þór Sigurðsson | x | x | | x | x | | x | | x | | x | | x | x | x | x |
| Óskar Kristjánsson | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |

* Í leyfi frá september 2011

**Trúnaðarráð** fundaði 5 sinnum á starfsárinu, þar af einu sinni vegna endurskoðunar kjarasamninga, sjá bls. 10.

### Félagsfundir

Einn félagsfundur var haldinn á starfsárinu, þann 22. febrúar 2012, en á honum kynntu frambjóðendur til stjórnar VR áherslur sínar og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Þrettán morgunverðarfundir með félagsmönnum voru haldnir, þar af fjórir á Egilsstöðum.

**Uppstillinganefnd** fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu en hlutverk hennar breyttist í samræmi við breytingar á lögum félagsins sem samþykktar voru á aðalfundi 27. apríl 2011 (nánar á bls. 19). Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var þann 4. febrúar 2012 og bárust 36 framboð. Uppstillinganefnd bauð fram lista stjórnar og trúnaðarráðs þann 16. febrúar 2012, í samræmi við auglýsingu kjörstjórnar VR. Ekkert annað listaframboð barst og var listinn því réttkjörinn í trúnaðarráð VR kjörtímabilið 2012 – 2014.

**Úrskurðarnefnd VR** hélt 20 fundi á árinu 2011 og kvað upp 27 úrskurði í málum félagsmanna. Nefndin gaf álit á 22 málum félagsmanna, flest álit voru veitt í kjölfar ábendingar eftirlitsnefndar. Verkefni úrskurðarnefndar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitshlutverki.

# Önnur starfsemi

## VR varasjóður

Á aðalfundi þann 27. apríl 2011 var samþykkt tillaga um 500 milljóna króna framlag í VR varasjóð og er það hæsta framlag í sjóðinn frá stofnun hans árið 2006. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2011 námu alls kr. 390.559.662 og fengu 11.686 einstaklingar greitt úr sjóðnum á árinu. Langstærstur hluti fór til forvarna eða kr. 189.268.293. Árið 2010 fengu 10.780 einstaklingar greitt úr sjóðnum og nam heildarupphæðin kr. 335.678.930. Hér að neðan má sjá skiptingu greiðslna úr sjóðnum árið 2011.

**Greiðslur úr VR varasjóði 2011**




## Rannsóknir og kannanir

**Fyrirtæki ársins**

**Íslenska gámafélagið** og **Vinnuföt ehf.** voru Fyrirtæki ársins 2011 samkvæmt niðurstöðum könnunar VR, það fyrra í hópi stærri fyrirtækja (með 50 eða fleiri starfsmenn) en það síðara í hópi minni fyrirtækja. Tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2011. Þetta var í fimmtánda skipti sem VR valdi fyrirtæki ársins og hefur könnunin fest sig í sessi sem sá mælikvarði sem helst er horft til þegar aðbúnaður á vinnumarkaði er metinn.

**Launakönnun**

Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu að meðaltali um 4,5% frá janúar 2010 til janúar 2011 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR fyrir árið 2011. Grunnlaun hækkuðu um 4,2%. Launamunur kynjanna var óbreyttur á milli ára, konur voru með 15,3% lægri heildarlaun en karlar og kynbundinn launamunur var 10,6%.

## Fræðsla

VR bauð upp á 15 hádegisfyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sátu þá tæplega 600 félagsmenn. Af þeim voru þrenn starfslokanámskeið sérstaklega ætluð eldri félagsmönnum og mæltust þau mjög vel fyrir. Þá hélt VR átta námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins á starfsárinu.

Og eins og fyrri ár stóð félagið fyrir kynningum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagasvæði VR. Alls sóttu rúmlega tvö þúsund nemendur kynningarnar sem voru haldnar í hátt í fimmtíu skólum.

**Starfsmenntastyrkir**

Á árinu 2011 voru greiddar 150.708.567 krónur í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 142 milljónir króna árið 2010. Umsóknir árið 2011 voru 6.158 frá 4.339 félagsmönnum samanborið við 6.129 umsóknir frá 4.077 félagsmönnum árið 2010.

# Önnur starfsemi

## Stjórnir fræðslumála starfsárið 2011 - 2012

**Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks**

Teitur Lárusson (VR) formaður.

Stefanía Magnúsdóttir (VR), Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (LÍV), Ragnheiður B. Guðmundsdóttir (SA), Lísbet Einarsdóttir (SA) og Júlíus S. Kristjánsson (SA).

**Varamenn:** Margrét Ingþórsdóttir (LÍV), Hannes Sigurðsson (SA) og Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA).

**Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar**

Teitur Lárusson (VR), Úlfhildur Ragnarsdóttir (LÍV), Almar Guðmundsson (FA) og Margrét Guðmundsdóttir (FA).

**Varamaður:** Stefán Einar Stefánsson (VR).

## Atvinnuleysi

Fjöldi skráðra VR félaga á atvinnuleysisbótum árið 2011 var alls 2.727 samanborið við 2.439 árið 2010.

**Úrræði fyrir atvinnulausa félagsmenn**

VR lagði áherslu á öfluga þjónustu við atvinnulausa félagsmenn á starfsárinu. Félagið átti í samstarfi við fjölda aðila og bauð upp á 52 námskeið og fyrirlestra sem voru vel sóttir af félagsmönnum. Félagið greiddi einnig niður líkamsræktarkort fyrir atvinnuleitendur, alls 615 kort. Þá bauð félagið börnum atvinnulausra félagsmanna á leikjanámskeið og sumarbúðir sumarið 2011, útilegu- og veiðikort stóðu atvinnulausum félagsmönnum til boða sem og reitir til ræktunar grænmetis.

**Aukin þjónusta við atvinnuleitendur**

Í febrúar 2012 var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um tilraunaverkefni til að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari aðgerðum sem auki líkurnar á að atvinnuleitendur fái störf að nýju á vinnumarkaði. Verkefnið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011 (sjá bls. 8). VR hefur verið fengið til að halda utan um langstærstan hluta verkefnisins, eða rúmlega 70% af heildarumfangi þess.

## Erlend samskipti

**Höfuðborgarráðstefnan** var haldin í Reykjavík í júní 2011. Formaður VR sótti ráðstefnuna fyrir hönd félagsins en helsta umfjöllunarefni hennar var annars vegar erlent vinnuafl og hins vegar framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar næstu fimm til tíu árin. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur fulltrúa stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda. Undirbúningsfundur fyrir ráðstefnuna 2012 var haldinn í Osló haustið 2011 og sótti formaður hann fyrir hönd félagsins.

# Almennar upplýsingar

## Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Dagana 1. til 9. mars 2012 fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla vegna framboða til trúnaðarstarfa fyrir VR. Þann 2. febrúar 2012 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið; auglýst var eftir einstaklingsframboðum til sjö sæta í stjórn og listaframboðum til trúnaðarráðs.

Alls bárust 12 einstaklingsframboð til stjórnar en einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka innan þeirra tímamarka sem lög félagsins heimila. Kosið var á milli ellefu frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Atkvæði greiddu 1.449 en á kjörskrá voru 28.662 og kosningaþátttaka 5,06%.

Atkvæði féllu þannig að Fríður Birna Stefánsdóttir hlaut 676 atkvæði, Jóhanna S. Rúnarsdóttir 629 atkvæði, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir 615 atkvæði, Ólafía Ása Jóhannesdóttir 606 atkvæði, Hildur Mósesdóttir 576 atkvæði, Benóný Valur Jakobsson 479 atkvæði, Sigurður Sigfússon 435 atkvæði, Bjarni Þór Sigurðsson 404 atkvæði, Óskar Kristjánsson 360 atkvæði, Jón Magnússon 294 atkvæði og Guðmundur Ingi Kristinsson 251 atkvæði. Alls tóku 104 ekki afstöðu.

**Til stjórnar hlutu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:**

Fríður Birna Stefánsdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Ólafía Ása Jóhannesdóttir

**Þrír varamenn í stjórn VR til eins árs:**
Óskar Kristjánsson
Hildur Mósesdóttir
Jón Magnússon

Einn framboðslisti barst til trúnaðarráðs, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR, og var hann réttkjörinn til setu í trúnaðarráði kjörtímabilið 2012 – 2014. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins, www.vr.is.

## Lagabreytingar

Á aðalfundi þann 27. apríl 2011 voru samþykktar breytingar á 12., 14. og 20. gr. laga VR. Greinarnar eru birtar hér að neðan í heild sinni.

### 12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tilögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

### 14. gr. Trúnaðarráð

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

### 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér. Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### 20.3. Um framkvæmd kosninga.

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.
Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmana með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

### 20.4 Um kjörseðla og röðun á lista.

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

**Við kosningu til trúnaðarráðs:**
Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

# Almennar upplýsingar

## Aðild VR að stofnunum

VR á beina aðild að eftirtöldum stofnunum:
Alþýðusambandi Íslands, Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili, Fjölmiðlasambandinu, Landssambandi ísl.verzlunarmanna, Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Málræktarsjóði.

## Félagatal

| Ár | Konur | Karlar | Samtals | Starfandi félagsmenn* |
|---|---|---|---|---|
| 1997 | 9.540 | 5.441 | 14.981 | |
| 1998 | 10.361 | 6.023 | 16.384 | |
| 1999 | 11.286 | 6.602 | 17.888 | |
| 2000 | 12.026 | 7.138 | 19.164 | |
| 2001 | 12.601 | 7.470 | 20.071 | |
| 2002 | 12.747 | 7.605 | 20.352 | |
| 2003 | 12.964 | 8.023 | 20.987 | |
| 2004 | 13.511 | 8.695 | 22.206 | |
| 2005 | 13.871 | 9.351 | 23.222 | |
| 2006 | 15.465 | 10.584 | 26.049 | |
| 2007 | 16.014 | 11.423 | 27.437 | |
| 2008 | 16.802 | 11.974 | 28.776 | |
| 2009 | 16.491 | 11.574 | 28.065 | |
| 2010 | 16.584 | 11.703 | 28.287 | |
| 2011 | 16.804 | 12.036 | 28.840 | 24.319 |

* Upplýsingar um hlutfall starfandi félagsmanna liggur ekki fyrir árin 1997 - 2010.

## Félagsgjald

Á aðalfundi þann 27. apríl 2011 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7%.

## Félagsmál

### Formaður VR tekur við formennsku í LÍV

Formaður VR, Stefán Einar Stefánsson, tók við formennsku í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna á þingi sambandsins í maí 2011 og er það í fyrsta skipti sem formaður VR gegnir jafnframt formennsku í landssambandinu. Stefán tók við af Stefaníu Magnúsdóttur sem gegnt hafði stöðu formanns frá fráfalli Ingibjargar R. Guðmundsdóttur í nóvember 2010.

### Jólaaðstoð 2011

Stjórn VR samþykkti að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða kross Íslands um fjórar milljónir króna jólin 2011.

### Mannfagnaðir

Um 500 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti á uppstigningardegi 2011 og um 700 þáðu kaffiveitingar í tilefni af 1. maí það ár.

### Átak gegn svartri atvinnustarfsemi – Leggjum okkar af mörkum

VR tók virkan þátt í átaki Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisskattstjóra gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki en átakið var liður í aðgerðum sem samþykktar voru í tengslum við gerð kjarasamninga 2011. Átakið fólst m.a. í því að teymi manna fóru á milli fyrirtækja og upplýstu og leiðbeindu um hvernig standa eigi rétt að málum þegar kemur að ráðningum og skattskilum. Niðurstöður átaksins benda til þess að svört atvinnustarfsemi sé umfangsmikil, 12% af rúmlega 6.000 starfsmönnum sem rætt var við unnu svart, og að tapaðir skattar, gjöld og réttindi nemi tæplega 14 milljörðum á ári, þar af nemi glötuð réttindi launafólks um átta milljörðum.

# Almennar upplýsingar

### Hvatningarátakið Allir vinna

VR tekur þátt í hvatningarátaki stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins Allir vinna en það var framlengt til loka árs 2012. Markmið þess er að hvetja landsmenn til að beina viðskiptum sínum að innlendri vöru og þjónustu.

## Útgáfu- og kynningarmál

**VR blaðið** kom út 6 sinnum á starfsárinu, upplag hvers tölublaðs var tæplega 25.500 að meðaltali. Notendur heimasíðu félagsins voru að meðaltali tæplega 21 þúsund á mánuði m.v. einkvæma talningu sem er umtalsverð aukning frá árinu áður en þá voru notendur um 17 þúsund á mánuði að meðaltali.

Í september 2011 hóf félagið herferð vegna launamunar kynjanna en jafnréttismál eru eitt helsta baráttumál félagsins. Herferðin fólst m.a í sjónvarpsauglýsingu, sem var tilnefnd til Íslensku auglýsingaverðlaunanna 2011, og samstarfi við fyrirtæki, sjá nánar á bls. 13.

Í desember 2011 hrinti VR af stað herferð til að mótmæla auknu atvinnuleysi meðal félagsmanna sinna. Endurskinsborðar, einn fyrir hvern atvinnulausan VR félaga, voru hengdir upp á áberandi stað við Kringlumýrarbraut í Reykjavík og birtar voru dagblaðaauglýsingar og greinar í fjölmiðlum. Þessi herferð hlaut Íslensku auglýsingaverðlaunin 2011 í flokki almannaheillaauglýsinga í öðrum miðlum en ljósvakamiðlum.

## Starfsemi þjónustuvers

Fulltrúar þjónustuvers svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á árinu 2011 sneru að varasjóði. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri í Reykjavík árið 2011 var 18.510 eða 1.543 á mánuði að meðaltali sem er um 12% aukning frá fyrra ári. Heildarfjöldi símtala sem barst til félagsins á árinu 2011 var 64.169 sem er um 2% aukning frá árinu 2010. Um 70% af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað af fulltrúum þjónustuvers. Um 9.500 fyrirspurnir bárust á netfang félagsins, vr@vr.is, á síðasta ári. Þjónustuver VR er starfrækt á Akranesi, í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Stöðugildi í árslok 2011 voru rúmlega 9.

## Skipulag skrifstofu 1. mars 2012

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum. Starfsemi skrifstofunnar skiptist í kjarasvið, rekstrar- og fjármálasvið, samskipta- og þróunarsvið, upplýsingatæknisvið og þjónustusvið. Með breytingum á skipuriti félagsins, sem tóku gildi í mars 2012, eru svið félagsins þrjú, þróunarsvið, þjónustu- og ráðgjafasvið og rekstrarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess.

### Nýr framkvæmdastjóri

Helga Árnadóttir, forstöðumaður rekstrar- og fjármálasviðs VR, var ráðin framkvæmdastjóri félagsins og tók hún við starfinu í júní 2011.

### Starfsmenn

Í byrjun mars 2011 voru 48 fastráðnir starfsmenn starfandi hjá félaginu í 44 stöðugildum. Á árinu 2011 störfuðu fjórir sumarstarfsmenn á skrifstofum félagsins, Árdís Birgisdóttir og Þorsteinn Skúli Sveinsson sem hafa verið fastráðin í hlutastarf, Hildur Margrét Hjaltested og Særún Gestsdóttir. Þá hefur Gunnar Böðvarsson sinnt þátttöku VR í átakinu Leggjum okkar af mörkum en félagið tók þátt í því í samstarfi við ASÍ og ríkisskattstjóra, nánar á bls. 20.

Á árinu hættu störfum Arnþór Gíslason í þjónustuveri, Kristín Waage í Sjúkrasjóði og Tinna Dögg Guðlaugsdóttir VIRK ráðgjafi. Bergþóra Eiðsdóttir var ráðin til starfa í þjónustuveri og Sólrún Ástvaldsdóttir á rekstrar- og fjármálasvið. Þá hófu Hildur Petra Friðriksdóttir, Hulda Gunnarsdóttir og Sif Þórsdóttir störf sem VIRK ráðgjafar.

# Almenningar upplýsingar

## Skipulag skrifstofu og fastráðnir starfsmenn 1. mars 2012

| | |
|---|---|
| Stefán Einar Stefánsson | Formaður |
| Helga Árnadóttir | Framkvæmdastjóri |

**Kjarasvið**

| | |
|---|---|
| Elías G. Magnússon | Forstöðumaður |
| Bryndís Guðnadóttir | Kjaramál |
| Guðrún Erlingsdóttir | Kjaramál - Vestamannaeyjar |
| Kristín María Björnsdóttir | Kjaramál - Egilsstaðir |
| María V. Jónsdóttir | Kjaramál |
| Málfríður Þorkelsdóttir | Kjaramál - Akranes |
| Teitur Lárusson | Kjaramál |
| Þorsteinn Skúli Sveinsson | Kjaramál |

**Rekstrar- og fjármálasvið**

| | |
|---|---|
| Helga Árnadóttir | Forstöðumaður |
| Auður Búadóttir | Bókhald |
| Einar M. Nikulásson | Eignahald - umsjón |
| Gunnar Kristinn Hilmarsson | Gæðamál |
| Herdís Magnúsdóttir | Starfsmannastjóri |
| Ingunn Guðmundsdóttir | Mötuneyti |
| Jóhann Hafliðason | Viðhald eigna |
| Magnea Davíðsdóttir | Skjalavarsla |
| Sólrún Ástvaldsdóttir | Verkefnastjóri reikningshalds |

**Samskipta- og þróunarsvið**

| | |
|---|---|
| Kristín Sigurðardóttir | Forstöðumaður |
| Anna Björg Siggeirsdóttir | Útgáfa og kynningarmál |
| Elísabet Magnúsdóttir | Bein félagatengsl |
| Kalla Björg Karlsdóttir | Bein félagatengsl |
| Steinunn Böðvarsdóttir | Útgáfa og kynningarmál |

**Upplýsingatæknisvið**

| | |
|---|---|
| Viktor E. Viktorsson | Forstöðumaður |
| Björn. H. Björnsson | Upplýsingatækni |

**Þjónustusvið**

| | |
|---|---|
| Árni Leósson | Forstöðumaður |
| Árdís Birgisdóttir | Þjónustuver |
| Ásta Sigrún Gunnarsdóttir | Þjónustuver - Vestmannaeyjar |
| Bergþóra Eiðsdóttir | Þjónustuver |
| Erla B. Ingadóttir | Þjónustuver - Egilsstaðir |
| Erna Eyjólfsdóttir | Þjónustuver |
| Guðfinna Alda Ólafsdóttir | VIRK, starfsendurhæfingarsjóður |
| Hansína Gísladóttir | Þjónustuver |
| Heiða Björg Tómasdóttir | VIRK, starfsendurhæfingarsjóður |
| Hildur Petra Friðriksdóttir | VIRK, starfsendurhæfingarsjóður |
| Hulda Gunnarsdóttir | VIRK, starfsendurhæfingarsjóður |
| Ingibjörg Jóhanna Ingólfsdóttir | Þjónustuver - Akranes |
| Jóhanna E. Vilhelmsdóttir | Verkefnastjóri |
| Júnía Þorkelsdóttir | Þjónustuver - Akranes |
| Rannveig Rögnvaldsdóttir | Sjúkrasjóður |
| Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir | Sjúkrasjóður – umsjón |
| Sif Þórsdóttir | VIRK, starfsendurhæfingarsjóður |
| Sigrún Svava Gísladóttir | Þjónustuver - Akranes |
| Sóley Garðarsdóttir | Þjónustuver - Egilsstaðir |
| Þorgrímur Guðmundsson | Þjónustuver |
| Þórunn Jónsdóttir | Orlofsmál - umsjón |

**LÍV**

Stefanía Magnúsdóttir
Ástríður S. Valbjörnsdóttir

## Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2011

Stjórnarmenn eru alls 15 auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur og formaður sátu áfram kjörnir árið 2010, sjá bls. 5.

**Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið var á um í 20. gr. laga VR.**

Ásta Rut Jónasdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Eyrún Ingadóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Pálmey Helga Gísladóttir
Birgir Már Guðmundsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

**Þrír varamenn til eins árs**

Óskar Kristjánsson
Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson

# Almennar upplýsingar

**Trúnaðarráð 2011 - 2012**

| | |
|---|---|
| Alda Særún Guðbjörnsdóttir | Rekstrarvörur ehf. |
| Alexander Þórsson | Þ. Þorgrímsson og Co ehf. |
| Arngrímur Friðrik Pálmason | |
| Ágústa Harðardóttir | Johan Rönning hf. |
| Benedikt Geirsson | Ístak hf. |
| Berglind Rós Guðmundsdóttir | |
| Eðvald Geirsson | Danfoss hf. |
| Einar Jón Másson | Verslunarfélagið Iða ehf. |
| Esther Judith Steinsson | Listaháskóli Íslands |
| Gísli Friðrik Ágústsson | Byko ehf. |
| Guðjón Steinarsson | Gámaþjónustan hf. |
| Guðmundur Aðalsteinsson | Bananar ehf. |
| Guðrún Rósa Gunnarsdóttir | ILVA ehf. |
| Guðrún Þórsdóttir | Guðmundur Jónasson ehf. |
| Hafdís Bára Bjarnadóttir | Kaupás hf. |
| Hafdís Erla Kristinsdóttir | Icelandair ehf. |
| Helena Björg Garðarsdóttir | Actavis hf. |
| Helga Bryndís Jónsdóttir | Reykjavik Excursions ehf. |
| Ingólfur Kristmundsson | Olíuverslun Íslands hf. |
| Jóhann Óskar Þórólfsson | Byko ehf. |
| Jóhann Pétur Jónsson | N1 hf. |
| Kristín María Björnsdóttir | VR, Austurlandi |
| Kristín Gísladóttir | Bóksala stúdenta |
| Linda Björk Hávarðardóttir | Iceland Excursions Allrahanda ehf. |
| Magnea Jenny Guðmundardóttir | S4S ehf. |
| Magnús Haukur Lárusson | N1 hf. |
| Magnús Þorsteinsson | Íslandsspil sf. |
| Margrét Eiríksdóttir | Nói-Siríus hf. |
| Ólafur Hrafn Traustason | Þ. Þorgrímsson og Co ehf. |
| Ólöf Snæhólm Baldursdóttir | Slysavarnafélagið Landsbjörg |
| Óskar Guðmundsson | Samskip hf. |
| Ragnar Borgþórsson | Hekla ehf. |
| Sigurbjörg Jónsdóttir | |
| Snjólaug Einarsdóttir | Byko ehf. |
| Steinunn Helga Óskarsdóttir | Árvakur hf. |
| Tinna Mjöll Karlsdóttir | Actavis Group PTC ehf. |
| Trausti Guðmundsson | HugurAx ehf. (Advania) |
| Unnur Elva Arnardóttir | Og fjarskipti ehf. |
| Þorgerður Jóhannsdóttir | Samfylkingin |
| Þorvaldur Haraldsson | Bláfugl ehf. |
| Þórður Mar Sigurðsson | Samskipti ehf. |

**Trúnaðarráð 2011 - 2013**

| | |
|---|---|
| Anna Þórðardóttir Bachmann | Parlogis ehf. |
| Benedikt Ragnarsson | Olíuverslun Íslands hf. |
| Björk Bjarkadóttir | Iceland Travel ehf. |
| Eygló Friðriksdóttir | Eskja hf. |
| Guðmundur J. Jónsson | Borgun hf. |
| Guðrún Erlingsdóttir | VR, Vestmannaeyjum |
| Guðrún Indriðadóttir | Cabin ehf. |
| Guðrún Jóhannsdóttir | Vátryggingafélag Íslands hf. |
| Guðrún Jóna Valgeirsdóttir | Icepharma hf. |
| Gunnar Böðvarsson | Höldur ehf. |
| Gunnar Helgi Guðmundsson | Byko ehf. |
| Halla Guðrún Jónsdóttir | Borgun hf. |
| Halldór Halldórsson | Bókhald og uppgjör ehf. |
| Haukur Jónsson | Lífeyrissjóður Vestmannaeyja |
| Helga Egla Björnsdóttir | Icelandair ehf. |
| Hreinn Sigmarsson | Skyggnir ehf. |
| Inga Jóhannsdóttir | Húsasmiðjan ehf. |
| Ingibjörg Ólafsdóttir | Vátryggingafélag Íslands hf. |
| Ingimar Þorsteinsson | Marel Iceland ehf. |
| Jóhann Már Sigurbjörnsson | Bændasamtök Íslands |
| Jón Hrafn Guðjónsson | Flügger ehf. |
| Jón Ingi Kristjánsson | Ingvar Helgason ehf. |
| Júlíana Pálsdóttir | Sameignarfélag Ölfusborga |
| María Jóna Hauksdóttir | Friðrik Skúlason ehf. |
| Michele Rebora | 7.is ehf. |
| Ólafur Reimar Gunnarsson | Ernst & Young hf. |
| Petrína Ragna Pétursdóttir | Kökubankinn ehf. |
| Ragnar Engilbertsson | |
| Sesselja Jónsdóttir | Penninn á Íslandi ehf. |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | Klif ehf. |
| Stefán Viðar Egilsson | Tengi ehf. |
| Steinþór Ásgeirsson | Kortaþjónustan hf. |
| Sveinbjörn F. Pétursson | |
| Sveinbjörn Hannesson | Vátryggingafélag Íslands hf. |
| Sæmundur Karl Jóhannesson | N1 hf. |
| Valur Magnús Valtýsson | Barki ehf. |
| Valva Árnadóttir | Penninn á Íslandi ehf. |
| Þorlákur Jóhannsson | Guðmundur Arason ehf. |
| Þorsteinn Þórólfsson | Húsasmiðjan ehf. |
| Þórhildur Ragna Karlsdóttir | Húsasmiðjan ehf. |
| Þröstur Valgarðsson | Samskipti ehf. |

## Trúnaðarmenn á vinnustöðum

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 177 í byrjun mars árið 2012 en voru 172 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á www.vr.is.

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| **Ársreikningur 2011** | **26** |
| Áritanir | 26 |
| Rekstrarreikningur 2011 | 27 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2011 | 28 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011 | 30 |
| Rekstrarreikningur ársins 2011 | 31 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2011 | 32 |
| Skýringar | 33 |

# Ársreikningur 2011

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og félagsmanna VR

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VR fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.
Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. mars 2012

**Deloitte ehf.**
Pálína Árnadóttir endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur VR fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hreinar tekjur til ráðstöfunar hjá VR á árinu 2011 námu kr. 588,4 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 7,8 milljörðum og er bókfært eigið fé í árslok kr. 7,7 milljarðar.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hreinna tekna.

Í 2. grein laga VR stendur um markmið félagsins: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu." Stjórn félagsins telur eftir sem áður að mikilvægur þáttur þessa starfs felist í rekstri og uppbyggingu samtryggingasjóða eins og þeirra sem það nú rekur. Styrk staða þeirra er fagnaðarefni. Annar mikilvægur þáttur í starfinu er sú ráðgjöf sem félagsmenn njóta um málefni tengd kjaralegri stöðu sinni en ekki síður ráðgjöf tengdri starfsendurhæfingu og atvinnuleit. Umfang þeirrar ráðgjafar verður sífellt meira og leitast stjórnin við að mæta breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi með eflingu þeirrar starfsemi. Tekjur félagsins hafa aukist á síðustu árum og þær hækkanir launa sem kjarasamningar hafa tryggt á síðustu misserum munu hafa jákvæð áhrif á rekstrargrundvöll félagsins. Mun það gera félaginu kleift að halda uppi þjónustustigi á öllum sviðum þess.
Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra VR að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri VR staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2012

**Í stjórn**
Stefán Einar Stefánsson
Ásta Rut Jónasdóttir
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir Már Guðmundsson
Eyrún Ingadóttir
Guðrún Helga Tómasdóttir
Hildur Mósesdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Jón Magnússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Pálmey Helga Gísladóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurður Sigfússon

**Varamenn**
Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Óskar Kristjánsson

**Framkvæmdastjóri**
Helga Árnadóttir

# Rekstrarreikningur 2011

| | Skýr. | Allar deildir 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | | 712.294.012 | 656.938.381 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | | 982.676.284 | 902.701.403 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | | 239.500.255 | 219.907.843 |
| Leiga orlofshúsa | | 82.333.200 | 67.951.797 |
| Aðrar tekjur | | 30.821.125 | 38.024.647 |
| | | 2.047.624.876 | 1.885.524.071 |
| Iðgjöld og skattar | | (83.757.417) | (80.880.675) |
| Bætur og styrkir | | (947.473.063) | (855.294.934) |
| Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | (118.750.961) | (100.150.985) |
| Útbreiðslu- og félagsmál | | (213.905.727) | (188.034.115) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (442.058.654) | (436.490.178) |
| Rekstur húsnæðis | | (43.159.092) | (39.230.745) |
| Afskriftir | 6. | (41.894.284) | (40.196.163) |
| | | (1.890.999.198) | (1.740.277.795) |
| **Rekstrartekjur umfram (gjöld)** | | **156.625.678** | **145.246.276** |
| Fjármunatekjur | 4. | 471.212.340 | 557.404.575 |
| Fjármagnsgjöld | 5. | (155.970) | (214.612) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (39.298.665) | (41.518.461) |
| **Fjármagnsliðir alls** | | **431.757.705** | **515.671.502** |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | | **588.383.383** | **660.917.778** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | | Allar deildir | |
|---|---|---|---|
| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6. | 758.088.166 | 622.369.628 |
| Verðbréf og verðbréfasjóðir | 7. | 6.869.425.948 | 6.450.608.346 |
| Hlutabréf | 7. | 50.001 | 50.001 |
| | | 7.627.564.115 | 7.073.027.975 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimt iðgjöld | 8. | 108.711.184 | 94.837.036 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8. | 28.963.490 | 24.870.760 |
| Handbært fé | 8. | 48.042.716 | 28.004.506 |
| | | 185.717.390 | 147.712.302 |
| **Eignir** | | 7.813.281.505 | 7.220.740.277 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eigið fé og skuldir | | Allar deildir | |
| --- | --- | --- | --- |
| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| **Eigið fé** | 9. | | |
| Vinnudeilusjóður | | 1.042.316.394 | 1.042.316.394 |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.683.185.795 | 6.094.802.412 |
| Eigið fé | | 7.725.502.189 | 7.137.118.806 |
| **Skammtímaskuldir** | 10. | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 87.779.316 | 83.621.471 |
| Skuldir | | 87.779.316 | 83.621.471 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 7.813.281.505 | 7.220.740.277 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | Samstæða 2011 | Samstæða 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | | 588.383.383 | 660.917.778 |
| Afskriftir | 6. | 41.894.284 | 40.196.163 |
| Sölutap (hagnaður) fastafjármuna | | (4.885.414) | (19.044.173) |
| Veltufé frá (til) rekstri | | 625.392.253 | 682.069.768 |
| | | | |
| Gengis- og vaxtabreyting verðbréfasafna | | (419.163.265) | (565.701.834) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (17.966.878) | (8.154.325) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 4.157.845 | 5.751.819 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 192.419.955 | 113.965.428 |
| | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 6. | (183.601.908) | (43.325.136) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 6. | 10.874.500 | 37.116.712 |
| Útborgað (innborgað) á verðbréfasöfn | | 345.663 | (177.288.500) |
| | | (172.381.745) | (183.496.924) |
| | | | |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 20.038.210 | (69.531.496) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 28.004.506 | 97.536.002 |
| | | | |
| Handbært fé í lok árs | | 48.042.716 | 28.004.506 |

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | Varasjóður | Jöfnunarfærsla | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Félagsgjöld | 712.294.012 | | | | | 712.294.012 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | | 613.549.074 | | 369.127.210 | | 982.676.284 |
| Orlofsjóðsiðgjöld | | | 118.052.881 | 121.447.374 | | 239.500.255 |
| Afmælisgjöf frá félagssjóði til orlofssjóðs | | | 40.000.000 | | (40.000.000) | 0 |
| Leiga orlofshúsa | | | 82.333.200 | | | 82.333.200 |
| Aðrar tekjur | 25.397.669 | 5.400.446 | 23.010 | | | 30.821.125 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 737.691.681 | 618.949.520 | 240.409.091 | 490.574.584 | (40.000.000) | 2.047.624.876 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld og skattar | (83.401.001) | (237.611) | (118.805) | | | (83.757.417) |
| Bætur og styrkir | | (556.898.459) | | (390.574.604) | | (947.473.063) |
| Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | | (118.750.961) | | | (118.750.961) |
| Útbreiðslu- og félagsmál | (196.619.702) | (11.166.555) | (6.119.470) | | | (213.905.727) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (299.484.552) | (81.615.441) | (59.653.424) | (1.305.237) | | (442.058.654) |
| Afmælisgjöf frá félagssjóði til orlofssjóðs | (40.000.000) | | | | 40.000.000 | 0 |
| Rekstur húsnæðis | (23.645.427) | (12.578.853) | (6.934.812) | | | (43.159.092) |
| Afskriftir fastafjármuna | (23.335.093) | (631.905) | (17.927.286) | | | (41.894.284) |
| **Rekstrargjöld samtals** | (666.485.775) | (663.128.824) | (209.504.758) | (391.879.841) | 40.000.000 | (1.890.999.198) |
| **Rekstrartekjur umfram (gjöld)** | 71.205.906 | (44.179.304) | 30.904.333 | 98.694.743 | | 156.625.678 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | |
| Fjármunatekjur | 110.417.866 | 254.211.027 | 5.290.189 | 101.293.258 | | 471.212.340 |
| Fjármagnsgjöld | (91.647) | (22.559) | (41.764) | 0 | | (155.970) |
| Fjármagnstekjuskattur | (2.735.987) | (31.716.297) | (791.947) | (4.054.434) | | (39.298.665) |
| **Fjármagnsliðir samtals** | 107.590.232 | 222.472.171 | 4.456.478 | 97.238.824 | 0 | 431.757.705 |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | 178.796.138 | 178.292.867 | 35.360.811 | 195.933.567 | 0 | 588.383.383 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | Varasjóður | Jöfnunarfærsla | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 379.706.958 | 1.704.681 | 376.676.527 | | | 758.088.166 |
| Verðbréf | | 2.780.972.465 | 2.171.705.340 | 18.198.389 | 1.898.549.754 | | 6.869.425.948 |
| Hlutabréf | | | 50.001 | | | | 50.001 |
| | | 3.160.679.423 | 2.173.460.022 | 394.874.916 | 1.898.549.754 | 0 | 7.627.564.115 |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | |
| Óinnheimt iðgjöld | | 40.772.610 | 54.617.802 | 13.320.772 | 0 | | 108.711.184 |
| Aðarar skammtímakröfur | | 15.541.406 | 1.188.500 | 12.233.584 | 0 | | 28.963.490 |
| Handbært fé | | 38.168.511 | 148.088 | 531.726 | 9.194.391 | | 48.042.716 |
| | | 94.482.527 | 55.954.390 | 26.086.082 | 9.194.391 | 0 | 185.717.390 |
| **Eignir** | | 3.255.161.950 | 2.229.414.412 | 420.960.998 | 1.907.744.145 | 0 | 7.813.281.505 |
| **Eigið fé** | | | | | | | |
| Vinnudeilusjóður | | 1.042.316.394 | | | | | 1.042.316.394 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.156.939.808 | 2.210.366.162 | 417.272.655 | 1.898.607.170 | | 6.683.185.795 |
| Eigið fé samtals | | 3.199.256.202 | 2.210.366.162 | 417.272.655 | 1.898.607.170 | 0 | 7.725.502.189 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 55.905.748 | 19.048.250 | 3.688.343 | 9.136.975 | 0 | 87.779.316 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 3.255.161.950 | 2.229.414.412 | 420.960.998 | 1.907.744.145 | 0 | 7.813.281.505 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

VR er hagsmunafélag sem vinnur að bættum hag verslunar- og skrifstofufólks á vinnumarkaði og ver stöðu þeirra sem brotið er á eða falla af vinnumarkaði. Félagið gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, rekur sjúkrasjóð til að bæta fjárhagsstöðu við heilsubrest, rekur orlofssjóð til að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og starfsmenntasjóði til að auka færni félagsmanna.

Félagið var stofnað 1891 og nær félagssvæðið yfir höfuðborgarsvæðið, Akranes, Vestmannaeyjar, Húnaþing vestra og Austurland.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur VR fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

**Áhættustjórnun**

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

**Skráning tekna**

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Félagsgjöld og iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

**Gjaldmiðlar og vísitölur**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils.
Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Evra (EUR) | 161,42 | 161,89 | 158,84 | 153,37 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 116,07 | 122,04 | 122,71 | 114,78 |
| Sænsk króna (SEK) | 17,88 | 16,96 | 17,79 | 17,11 |
| Svissneskur franki (CHF) | 131,20 | 117,24 | 130,66 | 122,57 |

**Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Kostnaður**

Beinn kostnaður hvers sjóðs er færður beint á viðeigandi sjóð. Sameiginlegum kostnaði er hins vegar skipt á milli sjóða eftir ákveðnum hlutföllum.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

**Verðbréf**

Hlutabréf og verðbréf í eigu félagsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Önnur bréf eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

# Skýringar

**Óinnheimt iðgjöld**
Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Framlag í varasjóð**
Framlag ársins 2011 í varasjóð nemur samtals kr. 479.497.132. Til viðbótar framlaginu er aukaframlag vegna ársins 2010 að upphæð kr. 11.077.452. Úr sjúkrasjóði voru færðar kr. 369.127.210. Þá voru færðar kr. 121.447.374 úr orlofssjóði. Fjárhæðirnar eru færðar í ársreikning sem tekjur hjá varasjóði og til lækkunar á iðgjöldum í sjúkrasjóði og orlofssjóði.

Tillaga um framlag ársins 2011 í VR varasjóð, alls kr. 479.497.132 verður lögð fyrir aðalfund VR árið 2012.

## 3. Launamál

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 267.325.190 | 253.390.145 |
| Launatengd gjöld | 61.094.457 | 59.516.117 |
| Annar starfsmannakostnaður | 15.834.234 | 13.473.041 |
| | 344.253.881 | 326.379.303 |
| Meðalfjöldi starfa | 42,5 | 44,1 |

Laun yfirstjórnar námu á árinu 2011 samtals 26,1 milljón króna. Þar af námu laun núverandi og fyrrverandi formanna 19,4 milljónum króna að meðtöldum bifreiðastyrk.

## 4. Fjármunatekjur

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 1.152.685 | 5.107.039 |
| Vaxtatekjur af félagsgjöldum | 9.729.016 | 12.028.100 |
| Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfaeign | 459.163.490 | 540.265.233 |
| Aðrar vaxtatekjur | 1.167.149 | 4.203 |
| | 471.212.340 | 557.404.575 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Dráttarvaxtagjöld | (155.970) | (214.612) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Orlofshús land og tjaldsv. | Aðrir rekstrar-fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 407.154.503 | 511.751.208 | 342.958.663 | 1.261.864.374 |
| Eignfært á árinu | 0 | 170.820.686 | 12.781.222 | 183.601.908 |
| Selt og aflagt á árinu | (8.126.500) | 0 | (1.411.562) | (9.538.062) |
| Staða í árslok | 399.028.003 | 682.571.894 | 354.328.323 | 1.435.928.220 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 78.462.270 | 293.783.861 | 267.248.613 | 639.494.744 |
| Afskrift ársins | 7.096.194 | 17.284.765 | 17.513.325 | 41.894.284 |
| Selt og aflagt á árinu | (2.263.230) | 0 | (1.285.746) | (3.548.976) |
| Staða í árslok | 83.295.234 | 311.068.626 | 283.476.192 | 677.840.052 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 328.692.233 | 217.967.347 | 75.710.050 | 622.369.628 |
| Bókfært verð í árslok | 315.732.769 | 371.503.268 | 70.852.131 | 758.088.166 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 4% | 12-40% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinast þannig:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 776.278.000 | 1.479.188.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | 0 | 784.770.394 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | 0 | 8.500.000 |

## 7. Hlutabréf og önnur verðbréf

| Hlutabréfaeign greinist þannig: | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Randalín ehf. | 50.001 | 50.001 |

Verðbréfasjóðir og önnur verðbréf greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf og skuldabréfasjóðir | 5.225.680.513 | 4.845.694.740 |
| Erlend skuldabréf og skuldabréfasjóðir | 287.631.062 | 159.564.821 |
| Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir | 141.345.395 | 83.727.716 |
| Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir | 771.109.050 | 1.045.879.984 |
| Innlán | 426.609.965 | 256.558.077 |
| Önnur verðbréf | 17.049.963 | 59.183.008 |
| | 6.869.425.948 | 6.450.608.346 |

## 8. Aðrar skammtímakröfur

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Óinnheimt iðgjöld | 108.711.184 | 94.837.036 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Biðreikningur v. kjaramála | 5.032.291 | 7.880.334 |
| Útistandandi vegna varasjóðs | 9.514.570 | 6.840.878 |
| Starfsmenntasjóður SA | 3.300.000 | 2.900.000 |
| Visa / Euro kröfur | 2.606.514 | 3.252.092 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 0 | 3.845.497 |
| Viðskiptamenn | 400.032 | 106.981 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8.077.078 | 0 |
| | 28.963.490 | 24.870.760 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Sjóður og bankainnstæður | 48.042.716 | 28.004.506 |

## 9. Eigið fé

Til ráðstöfunar

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 6.094.802.412 | 5.433.884.635 |
| Hreinar tekjur fluttar á eigið fé | 588.383.383 | 660.917.778 |
| | 6.683.185.795 | 6.094.802.412 |

| | Vinnudeilusjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 1.042.316.394 | 6.094.802.412 | 7.137.118.806 |
| Hreinar tekjur fluttar á eigið fé | | 588.383.383 | 588.383.383 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 1.042.316.394 | 6.683.185.795 | 7.725.502.189 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 25.011.693 | 30.205.265 |
| Ógreitt áunnið orlof | 24.616.518 | 24.421.022 |
| Ógreidd launatengd gjöld starfsmanna | 12.269.428 | 17.508.053 |
| Ógreidd staðgreiðsla v. varasjóðs | 9.136.975 | 8.801.293 |
| Ógreidd launatengd gj. vegna sjúkrasjóðs | 11.671.566 | 2.528.698 |
| Ógreiddir ýmsir reikningar | 4.873.413 | 0 |
| Starfsmenntasjóður FA | 199.723 | 157.140 |
| | 87.779.316 | 83.621.471 |

## 11. Afmælisgjöf frá félagssjóði til orlofssjóðs

Í tilefni af 120 ára afmæli félagsins, þann 27. janúar 2011, samþykkti stjórn félagsins að veita 120 milljónum króna til uppbyggingar á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi á næstu þremur árum. Því eru færðar 40 milljónir króna frá félagssjóði til orlofssjóðs á árinu 2011 og verður það sama gert næstu tvö árin.

## 12. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Ekkert hefur komið fram eftir reikningsskiladag sem hefur áhrif á fjárhagsstöðu um áramót.

## 13. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. mars 2012.

## 14. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 588.383.383 | 660.917.778 | 341.248.797 | (415.040.039) |
| Afskriftir | 41.894.284 | 40.196.163 | 44.035.255 | 46.631.715 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | (419.163.265) | (565.701.834) | (336.907.427) | 559.624.389 |
| Aðrar breytingar | (4.885.414) | (19.044.173) | 11.329.555 | (4.762.444) |
| Hreint veltufé frá rekstri | 206.228.988 | 116.367.934 | 59.706.180 | 186.453.621 |
| **Breyting á:** | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (17.966.878) | (8.154.325) | (2.053.290) | (7.899.766) |
| Rekstrartengdum skuldum | 4.157.845 | 5.751.819 | (2.994.307) | 17.676.579 |
| Handbært fé frá rekstri | 192.419.955 | 113.965.428 | 54.658.583 | 196.230.434 |

## 15. Aðrar upplýsingar - óendurskoðaðar

Skv. 7. gr. reglugerðar sjúkrasjóðs VR er ætlast til þess að fimmta hvert ár að minnsta kosti skuli stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endukoðanda til að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Slík úttekt var gerð fyrir árið 2011 og er fjárhagsstaða sjóðsins traust. Sjóðurinn á vel fyrir skuldbindingum sínum enda verði litið til útreikninga sem þessara við ákvörðun á upphæð sem greidd er í varasjóð félagsins hverju sinni.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS